



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Sent með tölvupósti.*  
Reykjavík, 25. nóvember 2020

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar (42. mál).**

*Tilv. 202011-0016*


Vísað er til umsagnarbeiðni dags. 11. nóvember sl. frá nefndasviði Alþingis til Bændasamtaka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og styðja eindregið að hún verði samþykkt.

Samtökin fagna tillögunni sem ber vott um vitundarvakningu á mikilvægi innlendar matvælaframleiðslu. Íslenskur landbúnaður glímir við margvíslegar áskoranir og gríðarlega mikilvægt er að verja greinina og styrkja afkomu bænda og samkeppnishæfni gagnvart erlendri framleiðslu. Nýta þarf sóknarfæri og stórefla innlenda matvælaframleiðslu með tilliti til byggðafestu og umhverfissjónarmiða.

Þá eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til samstarfs við frekari útfærslu þeirra atriða sem er að finna í einstökum tölusetnum liðum tillögunnar. Nauðsynlegt er að vandað verði til verka við þá vinnu og alla framkvæmd.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir